



FÉLAG ELDRI BORGARA

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P** 136/247
komudagur 26. 11. 2008

Reykjavík 25. nóvember 2008

Varðar umsögn um eftirfarandi mál:

- 1) Tillaga til þingsályktunar um málsvara fyrir aldraða. Þskj. 18 – 18. mál
- 2) Tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði. Þskj. 43 – 43. mál
- 3) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, með síðari breytingum. Þskj. 31 – 31. mál.
- 4) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Þskj. 51 – 51. mál.

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Félags eldri borgara í Reykjavík (FEB) um ofangreind mál. Almennt má segja að FEB styðji öll þau mál sem hér um ræðir og teljum að nái þau fram að ganga verði það til bóta. Varðandi einstök mál þá viljum við segja:

- 1) FEB hefur um nokkurra ára skeið ályktað um og barist fyrir því að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra. Því styðjum við þessa þingsályktunartillögu heilshugar.
- 2) Lagfæringar á aðgengi í gömlu húsnæði er ákaflega mikilvægt mál að mati FEB, ekki síst í ljósi þess að gefa fleiri öldruðum möguleika á að búa lengur í eigin húsnæði. Við lýsum því yfir fullum stuðningi félagsins við framkomna tillögu.
- 3) Líkt og með tillögu um stofnun embættis umboðsmanns aldraðra hefur FEB löngum vakið athygli á því óréttlæti sem felst í því að greiðslur úr lífeyrissjóðum skerði mest allar tekna greiðslur Tryggingastofnunar til ellilífeyrisþega. Nýlega náðist fram leiðrétting á þessum málum hvað varðar örorkulífeyrisþega og þykir okkur löngu tímabært að frítækjumark sé sett á ævisparnað ellilífeyrisþega. Við styðjum þetta frumvarp því heilshugar.
- 4) FEB er sammála þeirri greinargerð sem fylgir þessu frumvarpi og telur mjög eðlilegt að heimilt verði að greiða maka lífeyrisþegans eða öðrum nákomnum fyrir umönnun hans, enda þekkest slíkt í okkar nágrannalöndum og getur á móti sparað dýrt sjúkrahús- eða hjúkrunarrými.

Virðingarfyllst
f.h. Félags eldri borgara í Reykjavík,

Margrét Margeirsdóttir
formaður

Sigurður Einarsson
framkvæmdastjóri